

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2020
2001313/0.4.1/rmj

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (afnám banns við heimbruggun til eigin nota).

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að bann við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með gerjun verði afnumið.

Embætti landlæknis hefur ítrekað undanfarin ár varað við og lagst gegn breytingum á því fyrirkomulagi á sölu áfengis sem er á Íslandi. Takmarkað aðgengi að áfengi, sem meðal annars felur í sér takmarkað aðgengi með einkasölu ríkisins á áfengi, er áhrifarík leið til að draga úr skaðlegum áhrifum vegna notkunar áfengis. Ekki þarf að efast um skaðleg áhrif áfengis á einstaklinga og samfélög en á hverju ári látast rúmlega þrjár milljónir manna í heiminum af áfengistengdum orsökum. Engin þekkt mörk eru um skaðleysi áfengis og því ber að lágmarka eða takmarka aðgengi og notkun áfengis eins og kostur er.

Árið 2016 var áfengi í sjöunda sæti yfir áhættuþætti fyrir dauðsföll og töpuð góð æviár. Sérstök byrði á samfélög er vegna ungmenna og fólks á aldrinum 15-49 ára þar sem áfengi er helsta orsök tapaðra góðra æviára. Það ber því að takmarka allar aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka notkun áfengis. Það er mat embættis landlæknis að frumvarp þetta geti leitt til aukinnar notkunar áfengis sem ekki verður skráð og mun því skekkja alla tölfræði um heildarnotkun áfengis. Allt áfengi er skaðlegt heilsu manna og skipti engu máli hvort um er að ræða gerjað eða eimað áfengi. Allar alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að afnám einkasölu á áfengi muni leiða til aukinnar heildarneyslu. Enn fremur sýna rannsóknir að samhliða aukinni áfengisneyslu aukist samfélagslegur kostnaður vegna áfengistengdra vandamála.

Til merkis um mikilvægi þess að takmarka notkun og aðgengi að áfengi má benda á nýlega áskorun framkvæmdastjórnar Aljóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO)¹ til framkvæmdastjóra stofnunarinnar þess efnis að brýn þörf sé á að yfirfara og innleiða aðgerðaáætlun til ársins 2030 í tengslum við heimsáætlun um minni áfengisneyslu (Global Strategy to Reduce the Harmful Use of Alcohol). Frumvarp þetta er, að mati embættis landlæknis, ekki í samræmi við ályktun framkvæmdastjórnar WHO.

¹ http://apps.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB146/B146_CONF1-en.pdf

Í ljósi ofangreindra athugasemda er embætti landlæknis mótfallið þessum breytingartillögum og að frumvarp þetta verði að lögum en hvetjum löggjafann til að framfylgja betur núgildandi lögum.

Virðingarfyllst,

Embætti landlæknis